



ÓSK UM FRAMLAG Í FORMI HVATNINGAR OG STYRKS

13. nóvember 2012

Kæra sveitarfélag,

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er verkefni sem hvetur til nýsköpunarkennslu í grunnskólum landsins. Starfið fer fram allt árið um kring, með uppskeru í lok skólaárs. Tilgangur NKG er að gera einstaklingnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir. NKG er mikilvæg hvatning til nemenda og kennara í starfi sínu.

Það er verkefninu mikilvægt að sveitafélögin sýni stuðning sinn í verki. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir verkefnið um 5 milljónir sem nemur 55% af kostnaðaráætlun, en hún hljóðar upp á rúmar 9 milljónir króna. Upplýsingar um bakhjarla má finna á www.nkg.is.

**Tillaga NKG að upphæð styrks
eru 25 til 200 þúsund kr. eftir stærð sveitarfélaga**

NKG hefur innihald Aðalnámskrár grunnskóla 2011 í forgrunni í starfi sínu. Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 er „sköpun“ skilgreind sem ein af grunnþáttum í íslenskri menntun. Þar segir m.a.:

„... til að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu skal m.a. leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi“.

Við hvetjum ykkar til að skoða með hvaða hætti nýsköpunarkennsla fer fram innan ykkar grunnskóla. Sem og hvetja skólastjórnendur, kennara og nemendur með í þá vegferð, að efla nýsköpunarmennt á Íslandi.

Viljum í því tilliti benda á kennsluefni til stuðnings fyrir kennara: „Komdu með í uppfinningarferð, Nýsköpunarmennt -handbók fyrir kennara í grunnskólum“. Sem og flettibók um Sköpun – Rit um grunnþætti menntunar. Bækurnar má nálgast hjá Námsgagnastofnun.

Velgengni NKG veltur á því hversu vel tekst til með skipulag, framkvæmd og sýnileika. Í þessu árferði vinna margar hendur létt verk. Framkvæmdaraðilar vonast eftir að njóta stuðnings ykkar sem fyrr.

Kær kveðja, Anna Þóra Ísfold, framkvæmdarstjóri í síma 615 0574